

REGLUGERÐ

um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum, sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirtaldar ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/606 frá 14. apríl 2021 um breytingu á I. viðauka, IV. til XIII. viðauka og XVI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að því er varðar færslurnar fyrir Belarús (Hvíta-Rússland) og Breska konungsríkið og hjálendur krúnunnar Guernsey, Mön og Jersey í skránum yfir þriðju lönd, eða svæði þeirra þaðan sem aðflutningur til Sambandsins á tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, er leyfður.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1327 frá 10. ágúst 2021 um breytingu á II., IX. og XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að því er varðar skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn nýtt kjöt af villtum staktæðum hófdýrum, lagarafurðir úr lagareldi og skordýr til Sambandsins og um leiðréttingu á XI. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð að því er varðar skrá yfir þriðju lönd og svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn froskalappir og snigla til Sambandsins.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/34 frá 22. desember 2021 um breytingu á III., VIII., IX. og XI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að því er varðar skrárnar yfir þriðju lönd eða svæði þeirra þaðan sem heimilt er að flytja tiltekna villta veiðifugla, sem eru ætlaðir til manneldis, sendingar af tilteknum samlokum, skrápdýrum, möttuldýrum og sæsniglum, tilteknar lagarafurðir og froskalappir og snigla inn í Sambandið og um niðurfellingu á ákvörðun 2007/82/EB.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/363 frá 2. mars 2022 um breytingu og leiðréttingu á IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að því er varðar skrárnar yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tilteknar lagarafurðir til Sambandsins.
6. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2293 frá 18. nóvember 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að því er varðar skrá yfir þriðju lönd með samþykktu eftirlitsáætlun fyrir notkun lyfjafræðilega virkra efna, hámarksgildi leifa lyfjafræðilega virkra efna og varnarefna og hámarksgildi aðskotaefna.
7. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/514 frá 8. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að því er varðar mikið unnar afurðir, skrána yfir þriðju lönd með samþykktu eftirlitsáætlun og færslu Moldóvu á skrána yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af eggjum sem eru ætluð til setningar á markað sem egg í A-flokki til Sambandsins.
8. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/334 frá 19. janúar 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að því er varðar skrárnar yfir þriðju lönd með samþykktu eftirlitsáætlun og sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af tilteknum lifandi, kældum, frystum eða unnum samlokum, skrápdýrum, möttuldýrum og sæsniglum og lagarafurðum til Sambandsins.

2. gr.

Ofangreindar framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar eru birtar sem fylgiskjal 1 og 2 við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 54/1990, um innflutning dýra, lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lög nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lög nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum og lög nr. nr. 71/2008, um fiskeldi. Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lögum nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum og lögum nr. nr. 71/2008, um fiskeldi, öll með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi og á sama tíma fellur brott reglugerð nr. 509/2020 með síðari breytingum.

FYLGISKJÖL 1. OG 2.

[Hlekkur á stofnreglugerð með fylgiskjöllum 1. og 2. á PDF-formi.](#)**FYLGISKJAL 3.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1327****frá 10. ágúst 2021**

um breytingu á II., IX. og XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að því er varðar skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn nýtt kjöt af villtum staktæðum hófdýrum, lagarafurðir úr lagareldi og skordýr til Sambandsins og um leiðréttingu á XI. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð að því er varðar skrá yfir þriðju lönd og svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn froskalappir og snigla til Sambandsins

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR, með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fôður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins

92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 127. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

(1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 ⁽²⁾ bætir við reglugerð (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið frá þriðju löndum eða svæðum þeirra til að tryggja að þær uppfylli gildandi kröfur, sem komið var á með reglunum um matvælaöryggi, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eða kröfur sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar þeim. Þessar kröfur taka til auðkenningar á dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, sem mega einungis koma inn í Sambandið frá þriðju löndum eða svæðum sem eru skráð í samræmi við a-lið 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

(2) Einungis má færa þriðja land eða svæði þess á skrána sem um getur í a-lið 2. mgr. 126. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625 ef það uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- til f-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625. Krafan sem mælt er fyrir um í f-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625 er tilvist, framkvæmd og miðlun eftirlitsáætlunar vegna efnaleifa sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, þegar við á, í samræmi við tilskipun ráðsins 96/23/EB ⁽³⁾.

(3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625 en með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/163/ESB ⁽⁵⁾ eru samþykktar áætlanir um vöktun efnaleifa sem tiltekin þriðju lönd hafa lagt fram vegna tiltekinna dýra og dýrafurða sem eru tilgreind í viðaukanum við þá ákvörðun.

(4) Ákvörðun 2011/163/ESB var breytt með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/653 ⁽⁶⁾ og með henni voru samþykktar áætlanir tiltekinna þriðju landa um vöktun efnaleifa sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í f-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625. Nokkur þessara þriðju landa hafa þegar lagt fram viðeigandi sannanir og ábyrgðir fyrir því að viðkomandi dýr og vörur uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- til e-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625. Til samræmis við það ætti að færa þessi lönd á skrárnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405.

(5) Með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/653 var samþykki fyrir áætlunum tiltekinna þriðju landa um vöktun efnaleifa, sem eru sem stendur í skránum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, fellt brott eða takmarkað. Breyta ætti skránum, sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, til samræmis við það til að fella brott eða takmarka heimildir þessara landa.

(6) Með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/653 var áætlun Namibíu um vöktun efnaleifa, að því er varðar villt veiðidýr, samþykkt. Þar eð Namibía lagði fram fullnægjandi sannanir og ábyrgðir fyrir því að landið uppfylli kröfurnar í löggjöf Sambandsins vegna komu sendinga af nýju kjöti, að undanskildum sláturmat og hökkuðu kjöti, og unnum kjötvörum úr villtum staktæðum hófdýrum inn í Sambandið ætti að bæta þessu landi við í skrána yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn villt staktæð hófdýr til Sambandsins, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, með athugasemdinni „einungis villt veiðidýr“.

(7) Með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/653 var áætlun Nígeríu um vöktun efnaleifa, að því er varðar lagareldi, samþykkt með athugasemdinni „að undanskildum fiski“. Þar eð Nígería lagði fram fullnægjandi sannanir og ábyrgðir fyrir því að landið uppfylli kröfurnar í löggjöf Sambandsins vegna komu sendinga af lagarafurðum úr lagareldi inn í Sambandið ætti að breyta færslunni varðandi Nígeríu í skránni, sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, til að landið fái heimild til að flytja inn sendingar af lagarafurðum úr lagareldi til Sambandsins, að undanskildum fiski.

(8) Með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/653 var áætlun Óman um vöktun efnaleifa, að því er varðar lagareldi, samþykkt með athugasemdinni „að undanskildum krabbadýrum“. Þar eð Óman lagði fram fullnægjandi sannanir og ábyrgðir fyrir því að landið uppfylli kröfurnar í löggjöf Sambandsins vegna komu sendinga af lagarafurðum úr lagareldi inn í Sambandið ætti að breyta færslunni varðandi Óman í skránni, sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, til að landið fái heimild til að flytja sendingar af lagarafurðum úr lagareldi inn í Sambandið, að undanskildum krabbadýrum.

(9) Með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/653 var athugasemdinni „að undanskildum krabbadýrum“ bætt við samþykkið fyrir áætlunum um vöktun efnaleifa, að því er varðar lagareldi, hjá Falklandseyjum, Montenegro (Svartfjallalandi), Marokkó og Úkraínu. Af þessum sökum ættu þessi lönd ekki að fá heimild til að flytja krabbadýr úr lagareldi inn í Sambandið. Því ætti að breyta IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 til samræmis við það.

(10) Með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/653 var athugasemdinni „að undanskildum fiski“ bætt við samþykkið fyrir áætlunum um vöktun efnaleifa, að því er varðar lagareldi, hjá Gvatemala, Mósambík, Níkaragva og Tansaníu. Af þessum sökum ættu þessi lönd ekki að fá heimild til að flytja fisk úr lagareldi inn í Sambandið. Því ætti að breyta IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 til samræmis við það.

(11) Með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/653 var neðanmálgreinum, sem eiga við um lagareldisafurðir, breytt. Í stað „einungis krabbadýr“ og „einungis fiskur“ kom „að undanskildum fiski“ og „að undanskildum krabbadýrum“, eftir því sem við á. Af ástæðum sem varða samkvæmni er nauðsynlegt að aðlaga orðalag athugasemdanna í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að orðalaginu í framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/653.

(12) Hinn 12. mars 2021 lagði lögbært yfirvald í Breska konungsríkinu viðeigandi spurningalista fyrir framkvæmdastjórnina vegna mats á innflutningi skordýra, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins. Lögbært yfirvald í Breska konungsríkinu svaraði öllum spurningum með fullnægjandi hætti og lét þar með framkvæmdastjórninni í té fullnægjandi sannanir og ábyrgðir fyrir því að kröfur, sem eru jafngildar 1. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, séu uppfylltar. Af þeim sökum ætti að færa Breska konungsríkið inn í skrána yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af skordýrum til Sambandsins, sem mælt er fyrir um í XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, með fyrirvara um beitingu laga Sambandsins um og innan Breska konungsríkisins að því er varðar Norður-Írland, í samræmi við 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norðurírlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, í tengslum við 2. viðauka við þá bókun.

(13) Því ætti að breyta II., IX. og XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 til samræmis við það.

(14) Ákvæði XI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 innihalda villur sem varða Armeníu og Aserbaísjan að því er varðar að upplýsingar vantar og leyfi fyrir vöru. Þessar villur breyta merkingu textans.

(15) Því ætti að leiðrétta XI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 til samræmis við það.

(16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Í stað II., IX., XI. og XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 kemur textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.
Gjört í Brussel,

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.
Ursula VON DER LEYEN

(¹) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(²) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 18).

(³) Tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE (Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10).

(⁴) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtið. ESB L 114, 31.3.2021 bls. 118).

(⁵) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/163/ESB frá 16. mars 2011 um samþykki fyrir áætlunum sem þriðju lönd hafa lagt fram í samræmi við 29. gr. tilskipunar ráðsins 96/23/EB (Stjtið. ESB L 70, 17.3.2011, bls. 40).

(⁶) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/653 frá 20. apríl 2021 um breytingu á ákvörðun 2011/163/ESB um samþykki fyrir áætlunum sem þriðju lönd hafa lagt fram í samræmi við 29. gr. tilskipunar ráðsins 96/23/EB (Stjtið. ESB L 138, 22.4.2021, bls. 1).

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af nýju kjöti, að undanskildum sláturmat og hökkuðu kjöti, og unnum kjötvörum úr villtum staktæðum hófdýrum, eins og um getur í 5. gr. og 2. mgr.

19. gr., til Sambandsins

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND	ATHUGASEMDIR
NA	Namibía	Einungis villt veiðidýr
ZA	Suður-Afríka	Einungis villt veiðidýr

IX. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af tilteknum lagarafurðum, eins og um getur í 13. gr., 18. gr. (3. mgr.), 19. gr. (4. mgr.), 20. gr. (3. mgr.), 22. gr. (b-liður) og 25. gr. (d-liður), til Sambandsins

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	ATHUGASEMDIR
AE	Sameinuðu arabísku furstadæmin	Lagareldi: Einungis hráefni sem er annaðhvort frá aðildarríkjunum eða frá öðrum þriðju löndum sem samþykkt eru til innflutnings á slíku hráefni til Sambandsins
AG	Antígva og Barbúda	Einungis lifandi humar úr villtum afla
AL	Albanía	Að undanskildum krabbadýrum úr lagareldi
AM	Armenía	Einungis lifandi villtir vatnakrabbar, hitameðhöndlaðir vatnakrabbar sem eru ekki eldisdýr og frýstir vatnakrabbar sem eru ekki eldisdýr
AO	Angóla	Einungis villtur afli
AR	Argentína	
AU	Ástralía	
AZ	Aserbaísjan	Einungis kaviar úr villtum afla

BD	Bangladess	
BJ	Benín	Einungis villtur afli
BN	Brúnei	Einungis lagareldisafurðir
BQ	Bonaire, Sankti Estatíusey, Saba	Einungis villtur afli
BR	Brasilía	
BS	Bahamaeyjar	Einungis villtur afli
BY	Belarús (Hvíta-Rússland)	
BZ	Belís	Einungis villtur afli
CA	Kanada	
CG	Kongó	Einungis villtur afli. Einungis lagarafurðir sem eru veiddar, frýstar og pakkaðar í endanlegar umbúðir á hafi úti
CH	Sviss ⁽¹⁾	
CI	Fílabeinsströndin	Einungis villtur afli
CL	Chile (Síle)	
CN	Kína	
CO	Kólumbía	
CR	Costa Rica	
CU	Kúba	
CV	Grænhöfðaeypjar	Einungis villtur afli
CW	Curaçao	Einungis villtur afli
DZ	Alsír	Einungis villtur afli
EC	Ekvador	
EG	Egyptaland	Einungis villtur afli
ER	Eritrea	Einungis villtur afli
FJ	Fíji	Einungis villtur afli
FK	Falklandseyjar	Að undanskildum krabbadýrum úr lagareldi
GA	Gabon	Einungis villtur afli
ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	ATHUGASEMDIR
GB	Breska konungsríkið ⁽²⁾	
GD	Grenada	Einungis villtur afli
GE	Georgía	Einungis villtur afli
GG	Guernsey	Einungis villtur afli
GH	Gana	Einungis villtur afli
GL	Grænland	Einungis villtur afli
GM	Gambía	Einungis villtur afli
GN	Gínea	Einungis villtur afli. Einungis fiskur sem ekki hefur verið tilreiddur eða unninn á annan hátt en með hausun, slægingu, kælingu eða frýstingu.
GT	Gvatemala	Að undanskildum fiski úr lagareldi
GY	Gvæjana	Einungis villtur afli
HK	Hong Kong	Einungis villtur afli
HN	Hondúras	
ID	Indónesía	
IL	Ísrael ⁽³⁾	
IM	Mön	
IN	Indland	
IR	Íran	Að undanskildum fiski úr lagareldi
JE	Jersey	Einungis villtur afli
JM	Jamaíka	Einungis villtur afli

JP	Japan	
KE	Kenya	
KI	Kíribatí	Einungis villtur afli
KR	Suður-Kórea	
KZ	Kasakstan	Einungis villtur afli
LK	Srí Lanka	
MA	Marokkó	Að undanskildum krabbadýrum úr lagareldi
MD	Moldóva	Einungis kaviár
ME	Montenegró (Svartfjallaland)	Að undanskildum krabbadýrum úr lagareldi
MG	Madagaskar	
MK	Norður-Makedónía	
MM	Myanmar (Mjanmar)	
MR	Máritanía	Einungis villtur afli
MU	Máritíus	
MV	Maldívur	Einungis villtur afli
MX	Mexíkó	
MY	Malasía	
MZ	Mósambík	Að undanskildum fiski úr lagareldi
NA	Namibía	Einungis villtur afli
NC	Nýja-Kaledónía	Að undanskildum fiski úr lagareldi
NG	Nígíría	Að undanskildum fiski úr lagareldi
NI	Níkaragva	Að undanskildum fiski úr lagareldi
NZ	Nýja-Sjáland	
OM	Óman	Að undanskildum krabbadýrum úr lagareldi
PA	Panama	
PE	Perú	
PF	Franska Pólýnesia	Einungis villtur afli
PG	Papúa Nýja-Gínea	Einungis villtur afli
PH	Filippseyjar	
PM	Sankti Pierre og Miquelon	Einungis villtur afli
PK	Pakistan	Einungis villtur afli
ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	ATHUGASEMDIR
RS	Serbía	
RU	Rússland	Einungis villtur afli
SA	Sádi-Arabía	
SB	Salómonseyjar	Einungis villtur afli
SC	Seychelles-eyjar	Einungis villtur afli
SG	Singapúr	
SH	Sankti Helena	Einungis villtur afli
	(Að undanskildum eyjunum Tristan da Cunha og Ascension)	
	Tristan da Cunha	Einungis humar (nýr eða frystur) úr villtum aflu
	(Að undanskildum eyjunum Sankti Helenu og Ascension)	
SN	Senegal	Einungis villtur afli
SR	Súrínam	Einungis villtur afli
SV	El Salvador	Einungis villtur afli
SX	Sankti Martin	Einungis villtur afli
TH	Taíland	
TN	Túnís	Að undanskildum krabbadýrum úr lagareldi
TR	Tyrkland	
TW	Taívan	

UA	Úkraína	Að undanskildum krabbadýrum úr lagareldi
UG	Úganda	
US	Bandaríkin	
UY	Úrúgvæ	
VE	Venesúela	
VN	Vietnam	
YE	Jemen	Einungis villtur afli
ZA	Suður-Afríka	Einungis villtur afli
ZW	Zimbabwe	Einungis villtur afli

(¹) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtfð. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

(²) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, taka vísanir til Breska konungsríkisins, að því er þennan viðauka varðar, ekki til Norður-Írlands.

(³) Skilst hédan í frá sem Ísraelsríki, að undanskildum þeim yfirráðasvæðum sem hafa verið undir stjórn Ísraels frá júní 1967, þ.e. Gólanhæðir, Gasasvæðið, Austur-Jerúsalem og allur Vesturbakkinn.

XI. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af froskalöppum og sniglum, eins og um getur í 17. gr., til Sambandsins

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	ATHUGASEMDIR
AL	Albanía	
AM	Armenía	Einungis sniglar
AU	Ástralía	
AZ	Aserbaísjan	
BA	Bosnía og Hersegóvína	Einungis sniglar
BR	Brasilía	Einungis froskalappir
BY	Belarús (Hvíta-Rússland)	Einungis sniglar
CA	Kanada	Einungis sniglar
CH	Sviss (¹)	
CI	Filabeinsströndin	Einungis sniglar
CL	Chile (Síle)	Einungis sniglar
CN	Kína	
ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	ATHUGASEMDIR
DZ	Alsír	Einungis sniglar
EG	Egyptaland	Einungis froskalappir
GB	Breska konungsríkið (²)	
GG	Guernsey	
GH	Gana	Einungis sniglar
ID	Indónesía	
IM	Mön	
IN	Indland	Einungis froskalappir
JE	Jersey	
MA	Marokkó	Einungis sniglar
MD	Moldóva	Einungis sniglar
MK	Norður-Makedónía	Einungis sniglar
NG	Nígíría	Einungis sniglar
NZ	Nýja-Sjáland	Einungis sniglar
PE	Perú	Einungis sniglar
RS	Serbía	Einungis sniglar

TH	Taíland	Einungis sniglar
TN	Túnis	Einungis sniglar
TR	Tyrkland	
UA	Úkraína	Einungis sniglar
US	Bandaríkin	Einungis sniglar
VN	Vietnam	
ZA	Suður-Afríka	Einungis sniglar

(¹) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtíð. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

(²) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, taka vísanir til Breska konungsríkisins, að því er þennan viðauka varðar, ekki til Norður-Írlands.

XV. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af skordýrum, eins og um getur í 24. gr., til Sambandsins

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND EÐA SVÆÐI ÞESS	ATHUGASEMDIR
CA	Kanada	
CH	Sviss	
GB	Breska konungsríkið (¹)	
KR	Suður-Kórea	
TH	Taíland	
VN	Vietnam	

(¹) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, taka vísanir til Breska konungsríkisins, að því er þennan viðauka varðar, ekki til Norður-Írlands.“

FYLGISKJAL 1

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/405
frá 24. mars 2021**

**um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til
manneldis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625
(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,
með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera
starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004,
tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (1), einkum 2. mgr. 127. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um opinbert eftirlit og aðra eftirlitsstarfsemi sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna inna af hendi til að staðfesta að farið sé að tilskildum ákvæðum í löggjöf Sambandsins, þar með talið m.a. á sviði matvælaöryggis á öllum stigum framleiðslu-, vinnslu- og dreifingarferlisins. Einkum er þar kveðið á um að sendingar af tilteknum dýrum og vörum skuli einungis koma inn í Sambandið frá þriðja landi eða svæði þess sem er að finna í skránni sem framkvæmdastjórnin tekur saman í þeim tilgangi.

2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 (2) bætir við reglugerð (ESB) 2017/625 að því er varðar skilyrði fyrir komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið frá þriðju löndum eða svæðum þeirra til að tryggja að þær uppfylli viðeigandi kröfur, sem komið var á með reglunum sem um getur í a-lið 2.

mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 (matvælaöryggi), eða kröfur sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar þeim. Þar eru einkum tilgreind dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, sem falla undir þá kröfu að þau komi frá þriðja landi eða svæði þess sem er skráð í samræmi við a-lið 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/626 (3) er mælt fyrir um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn dýr og vörur, sem eru tilgreind í 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625, til Sambandsins.

4) Í samræmi við 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eru einungis þriðju lönd eða svæði þeirra, sem hafa lagt fram viðeigandi sönnunargögn og ábyrgðir fyrir því að viðkomandi dýr og vörur uppfylli kröfurnar um matvælaöryggi í löggjöf Sambandsins, á þessum skrá.

5) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 (4) er kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja, sem flytja inn afurðir úr dýraríkinu frá þriðju löndum eða svæðum þeirra, eigi að tryggja að þriðja landið, sem er sendingarland, sé á skrá yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur á slíkum afurðum er leyfður.

6) Dýr og vörur frá þriðju löndum sem koma inn til Sambandsins eiga, til viðbótar við það að vera í samræmi við löggjöf Sambandsins á sviði matvæla og matvælaöryggis, að vera í samræmi við löggjöf Sambandsins á sviði dýraheilbrigðis. Í þessu skyni er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (5) kveðið á um að aðildarríki eigi einungis að heimila komu tiltekinna sendinga af dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið frá þriðju löndum eða yfirráðasvæðum ef þessar vörur koma frá þriðja landi eða yfirráðasvæði sem er skráð í þeim tilgangi.

7) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 (6) er mælt fyrir um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild, með hliðsjón af dýraheilbrigðiskröfum, til að flytja inn tiltekin dýr og vörur til Sambandsins í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og viðkomandi dýraheilbrigðiskröfur sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 (7).

8) Með framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 eru felldar úr gildi, frá og með 21. apríl 2021, nokkrar gerðir framkvæmdastjórnarinnar þar sem mælt er fyrir um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af tilteknum dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu til Sambandsins. Af þeim skráum ætti að mæla fyrir um þær sem komið var á fót með tilliti til krafna um öryggi matvæla í þessari reglugerð frá og með 21. apríl 2021.

9) Þriðju lönd eða svæði þeirra, sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af tilteknum dýrum og vörum til Sambandsins, hafa nú þegar lagt fram viðeigandi sönnunargögn og ábyrgðir til að tryggja að dýr og vörur, sem heimilt er að flytja inn í Sambandið, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- til e-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625. Þess vegna

er ekki nauðsynlegt að gera endurmat á því hvort þessar kröfur eru uppfylltar.

10) Í f-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625 er kveðið á um að tilvist, framkvæmd og miðlun eftirlitsáætlunar vegna efnaleifa sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, þegar við á, sé forsendan fyrir því að þriðju lönd eða svæði þeirra séu færð á skrána sem um getur í a-lið 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/163/ESB (8) er mælt fyrir um skrá yfir þriðju lönd með eftirlitsáætlun vegna efnaleifa sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

11) Tiltekin lönd eru sem stendur á skrá í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/626 fyrir dýr og vörur sem þau eru ekki á skrá

fyrir í ákvörðun 2011/163/ESB og af þessum sökum er þeim ekki heimilt að flytja inn þessi dýr eða vörur til Sambandsins.

Þar eð þessi lönd uppfylla ekki kröfurnar í f-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625 ætti ekki að skrá löndin í

þessa reglugerð.

12) Að teknu tilliti til fjölmargra breytinga sem eru nauðsynlegar ætti að fella framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/626 úr gildi

og þessi reglugerð að koma í hennar stað.

13) Þar eð framseld reglugerð (ESB) 2020/692 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 gilda frá og með 21. apríl 2021 ætti

þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins í samræmi við a-lið 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

2. gr.
Skilgreiningar

- Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- 1) „nýtt kjöt“: nýtt kjöt eins og það er skilgreint í lið 1.10 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 2) „unnar kjötvörur“: unnar kjötvörur eins og þær eru skilgreindar í lið 1.15 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 3) „tamin staktæð hófdýr“: dýr af tegundinni *Equus caballus*, *Equus asinus* og kynblendingar þeirra,
 - 4) „villt staktæð hófdýr“: dýr af undirættkvíslinni *Hippotigris*,
 - 5) „sláturmatur“: sláturmatur eins og hann er skilgreindur í lið 1.11 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 6) „kjöt“: kjöt eins og það er skilgreint í lið 1.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 7) „hakkað kjöt“: hakkað kjöt eins og það er skilgreint í lið 1.13 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 8) „alifuglar“: alifuglar eins og þeir eru skilgreindir í lið 1.3 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 9) „villt dýr af héraætt“: kanínur og hérar sem menn eru ekki með í haldi,
 - 10) „villt veiðidýr“: villt veiðidýr eins og þau eru skilgreind í lið 1.5 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 11) „alin veiðidýr“: alin veiðidýr eins og þau eru skilgreind í lið 1.6 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 12) „egg“: egg eins og þau eru skilgreind í lið 5.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 13) „eggjaafurðir“: eggjaafurðir eins og þær eru skilgreindar í lið 7.3 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 14) „kjötafurðir“: kjötafurðir eins og þær eru skilgreindar í lið 7.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 15) „meðhöndlaðir magar, þvagblöðrur og þarmar“: meðhöndlaðir magar, þvagblöðrur og þarmar eins og þau eru skilgreind í lið 7.9 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 16) „garnir“: garnir eins og þær eru skilgreindar í 45 lið annarrar málsgreinar 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692,
 - 17) „brædd dýrafita“: brædd dýrafita eins og hún er skilgreind í lið 7.5 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 18) „hamsar“: hamsar eins og þeir eru skilgreindir í lið 7.6 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 19) „samlokur“: samlokur eins og þær eru skilgreindar í lið 2.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 20) „lagarafurðir“: lagarafurðir eins og þær eru skilgreindar í lið 3.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 21) „hrámjólk“: hrámjólk eins og hún er skilgreind í lið 4.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 22) „mjólkurafurðir“: mjólkurafurðir eins og þær eru skilgreindar í lið 7.2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 23) „broddur“: broddur eins og hann er skilgreindur í 1. lið IX. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 24) „afurð, að stofni til úr broddi“: afurð, að stofni til úr broddi, eins og hún er skilgreind í 2. lið IX. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 25) „froskalappir“: froskalappir eins og þær eru skilgreindar í lið 6.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og allar aðrar froskalappir af ættkvíslinni *Pelophylax* af ættinni *Ranidae* og ættkvíslunum *Limnonectes*, *Fejervarya* og *Hoplobatrachus* af ættinni *Dicroglossidae*,
 - 26) „sniglar“: sniglar eins og þeir eru skilgreindir í lið 6.2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og allir aðrir sniglar af ættinni *Helicidae*, *Hygromiidae* eða *Sphincterochilidae*,
 - 27) „gelatín“: gelatín eins og það er skilgreint í lið 7.7 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 28) „kollagen“: kollagen eins og það er skilgreint í lið 7.8 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - 29) „hunang“: hunang eins og það er skilgreint í 1. lið IX. hluta II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (9),
 - 30) „býræktarafurðir“: býræktarafurðir eins og þær eru skilgreindar í 2. lið IX. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013,
 - 31) „skriðdýrakjöt“: skriðdýrakjöt eins og það er skilgreint í 16. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625,
 - 32) „skordýr“: skordýr eins og þau eru skilgreind í 17. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625,
 - 33) „dagsgamlir ungar“: dagsgamlir ungar eins og þeir eru skilgreindir í 19. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692,
 - 34) „útungunaregg“: útungunaregg eins og þau eru skilgreind í 44. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,

- 35) „alifuglar til undaneldis“: alifuglar til undaneldis eins og þeir eru skilgreindir í 17. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692,
- 36) „alifuglar til framleiðslu“: alifuglar til framleiðslu eins og þeir eru skilgreindir í 18. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692,
- 37) „dýr sem eru ætluð til slátrunar“: dýr sem eru ætluð til slátrunar eins og þau eru skilgreind í 13. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692.

3. gr.

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af nýju kjöti og unnum kjötvörum úr hóf- og klaufdýrum, öðrum en staktæðum hófdýrum, til Sambandsins

Koma sendinga af nýju kjöti og unnum kjötvörum úr hóf- og klaufdýrum, öðrum en staktæðum hófdýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem hafa heimild til innflutnings til Sambandsins í samræmi við XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og eru skráð í ákvörðun 2011/163/ESB.

4. gr.

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af nýju kjöti, að undanskildu hökkuðu kjöti, og unnar kjötvörur úr tömdum staktæðum hófdýrum til Sambandsins

Koma sendinga af nýju kjöti, að undanskildu hökkuðu kjöti, og unnum kjötvörum úr tömdum staktæðum hófdýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í I. viðauka.

5. gr.

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af nýju kjöti, að undanskildum sláturmat og hökkuðu kjöti, og unnar kjötvörur úr villtum staktæðum hófdýrum til Sambandsins

Koma sendinga af nýju kjöti, að undanskildum sláturmat og hökkuðu kjöti, og unnum kjötvörum úr villtum staktæðum hófdýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í II. viðauka.

6. gr.

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af nýju kjöti af alifuglum, strútfuglum og villtum veiðifuglum og unnar kjötvörur úr alifuglum til Sambandsins

Koma sendinga af nýju kjöti af alifuglum, strútfuglum og villtum veiðifuglum og unnum kjötvörum úr alifuglum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem hafa heimild til innflutnings til Sambandsins í samræmi við XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og eru skráð í ákvörðun 2011/163/ESB. Koma sendinga af nýju kjöti, sem er ætlað til manneldis, af villtum veiðifuglum sem hafa ekki verið reyttir og ekki tekið innan úr þeim og koma frá þriðju löndum sem eru skráð í III. viðauka, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær eru fluttar með flugvél.

7. gr.

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af eggjum og eggjaafurðum til Sambandsins

Koma sendinga af eggjum og eggjaafurðum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem hafa heimild til innflutnings til Sambandsins í samræmi við XIX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og eru skráð í ákvörðun 2011/163/ESB að því er varðar „egg“. Koma sendinga af eggjum, sem ætlunin er að setja á markað sem egg í A-flokki í samræmi við 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 589/2008 (10), inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í IV. viðauka sem þýðir að þau uppfylla kröfurnar um varnir gegn salmonellu í samræmi við 6. mgr. 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 (11).

8. gr.

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af nýju kjöti af alíkaninum og nýju kjöti af villtum dýrum af héraætt án sláturmatar, að undanskildum dýrum sem ekki er búið að flá og taka innan úr, til Sambandsins

Koma sendinga af nýju kjöti af alíkaninum og nýju kjöti af villtum dýrum af héraætt án sláturmatar, að undanskildum villtum dýrum af héraætt sem ekki er búið að flá og taka innan úr, sem er ætlað til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í V. viðauka.

9. gr.

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af nýju kjöti af villtum landspendýrum, öðrum en hóf- og klaufdýrum og dýrum af héraætt, án sláturmatar, til Sambandsins

Koma sendinga af nýju kjöti af villtum landspendýrum, öðrum en hóf- og klaufdýrum og dýrum af héraætt, án sláturmatar, sem er ætlað til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í VI. viðauka.

10. gr.

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af kjötafurðum, þ.m.t. brædd dýrafita, hamsar, kjötkraftur og meðhöndlaðir magar, þvagblöðrur og þarmar, að undanskildum görnum, til Sambandsins

Koma sendinga af kjötafurðum, þ.m.t. brædd dýrafita, hamsar, kjötkraftur og meðhöndlaðir magar, þvagblöðrur og þarmar, að undanskildum görnum, úr dýrum af héraætt, staktæðum hófdýrum og villtum landspendýrum, öðrum en hóf- og klaufdýrum og dýrum af héraætt, sem eru ætlaðar til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í VII. viðauka. Koma sendinga af kjötafurðum, þ.m.t. brædd dýrafita, hamsar, kjötkraftur og meðhöndlaðir magar, þvagblöðrur og þarmar, að undanskildum görnum, úr öðrum dýrategundum en þeim sem um getur í fyrstu málsgrein, sem eru ætlaðar til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem hafa heimild til innflutnings til Sambandsins í samræmi við XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og eru skráð í ákvörðun 2011/163/ESB.

11. gr.

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af görnum til Sambandsins

Koma sendinga af görnum, sem eru ætlaðar til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem hafa heimild til innflutnings til Sambandsins í samræmi við XVI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og eru skráð í ákvörðun 2011/163/ESB að því er varðar „garnir“.

12. gr.

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af lifandi, kældum, frystum eða unnum samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum til Sambandsins

Koma sendinga af lifandi, kældum, frystum eða unnum samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í VIII. viðauka. Þó skal einnig heimila innflutning á dráttarvöðvum, sem eru ætlaðir til manneldis, sem eru algjörlega aðskildir frá innyflum og kynkirtlum, úr diskum, sem ekki eru lagareldisdýr, inn í Sambandið frá þriðju löndum sem ekki koma fram í þeirri skrá.

13. gr.

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af tilteknum lagarafurðum til Sambandsins

Koma sendinga af lagarafurðum, sem eru ætlaðar til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í IX. viðauka. Þetta gildir ekki um sendingar af dýrum og vörum sem falla undir 12. gr.

14. gr.

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af hrámjólki, broddi, afurðum, að stofni til úr broddi, og mjólkurafurðum úr staktæðum hófdýrum til Sambandsins

Koma sendinga af hrámjólki, broddi, afurðum, að stofni til úr broddi, og mjólkurafurðum úr staktæðum hófdýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í X. viðauka.

15. gr.

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af hrámjólki, broddi, afurðum, að stofni til úr broddi, og mjólkurafurðum, sem ekki er gerð krafa um að fái sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu vegna gin- og klaufaveiki, til Sambandsins

Koma sendinga af hrámjólki, broddi, afurðum, að stofni til úr broddi, og mjólkurafurðum, sem ekki er gerð krafa um að fái sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu vegna gin- og klaufaveiki og eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem hafa heimild til innflutnings til Sambandsins í samræmi við XVII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og eru skráð í ákvörðun 2011/163/ESB að því er varðar „mjólk“.

16. gr.

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af mjólkurafurðum, sem gerð er krafa um að fái sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu vegna gin- og klaufaveiki, til Sambandsins

Koma sendinga af mjólkurafurðum, sem gerð er krafa um að fái sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu vegna gin- og klaufaveiki og eru ætlaðar til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem hafa heimild til innflutnings til Sambandsins í samræmi við XVIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og eru skráð í ákvörðun 2011/163/ESB að því er varðar „mjólk“.

17. gr.

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af froskalöppum og sniglum til Sambandsins

Koma sendinga af froskalöppum og sniglum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í XI. viðauka.

18. gr.

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af gelatíni og kollageni til Sambandsins

1. Koma sendinga af gelatíni og kollageni úr nautgripum, sauðfé, geitum, svínunum og staktæðum hófdýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í XII. viðauka.
2. Koma sendinga af gelatíni og kollageni úr alifuglum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í XIII. viðauka.
3. Koma sendinga af gelatíni og kollageni úr lagarafurðum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í IX. viðauka.
4. Koma sendinga af gelatíni og kollageni úr dýrum af héraætt, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í V. viðauka.
5. Koma sendinga af gelatíni og kollageni úr villtum landspendýrum, öðrum en hóf- og klaufdýrum og dýrum af héraætt, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í VI. viðauka.

19. gr.

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af hráefni til framleiðslu á gelatíni og kollageni til Sambandsins

1. Koma sendinga af hráefnum til framleiðslu á gelatíni og kollageni úr nautgripum, sauðfé, geitum og svínunum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem hafa heimild til innflutnings til Sambandsins á sendingum af nýju kjöti af viðkomandi hóf- og klaufdýrum í samræmi við XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404.
2. Koma sendinga af hráefnum til framleiðslu á gelatíni og kollageni úr staktæðum hófdýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í I. viðauka að því er varðar tamin staktæð hófdýr eða í II. viðauka að því er varðar villt staktæð hófdýr.
3. Koma sendinga af hráefnum til framleiðslu á gelatíni og kollageni úr alifuglum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem hafa heimild til innflutnings til Sambandsins á sendingum af nýju kjöti af viðkomandi dýrategundum í samræmi við XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404.
4. Koma sendinga af hráefnum til framleiðslu á gelatíni og kollageni úr lagarafurðum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í IX. viðauka.
5. Koma sendinga af hráefnum til framleiðslu á gelatíni og kollageni úr dýrum af héraætt, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í V. viðauka.
6. Koma sendinga af hráefnum til framleiðslu á gelatíni og kollageni úr villtum landspendýrum, öðrum en hóf- og klaufdýrum og dýrum af héraætt, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í VI. viðauka.

20. gr.

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af meðhöndluðu hráefni til framleiðslu á gelatíni og kollageni til Sambandsins

1. Koma sendinga af meðhöndluðum hráefnum, til framleiðslu á gelatíni og kollageni, úr nautgripum, sauðfé, geitum, svínum og staktæðum hófdýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í XII. viðauka.
2. Koma sendinga af meðhöndluðum hráefnum, til framleiðslu á gelatíni og kollageni, úr alifuglum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í XIII. viðauka.
3. Koma sendinga af meðhöndluðum hráefnum, til framleiðslu á gelatíni og kollageni, úr lagarafurðum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í IX. viðauka.
4. Koma sendinga af meðhöndluðum hráefnum, til framleiðslu á gelatíni og kollageni, úr dýrum af héraætt, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í V. viðauka.
5. Koma sendinga af meðhöndluðum hráefnum, til framleiðslu á gelatíni og kollageni, úr villtum landspendýrum, öðrum en hóf- og klaufdýrum og dýrum af héraætt, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í VI. viðauka.
6. Koma sendinga af meðhöndluðum hráefnum til framleiðslu á gelatíni og kollageni, sem um getur í iii. lið b-liðar 4. liðar I. kafla XIV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra sem hafa heimild til innflutnings á sendingum af meðhöndluðum hráefnum úr þessum vörum til Sambandsins í samræmi við 19. gr. þessarar reglugerðar.

21. gr.

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af hunangi og öðrum býræktarafurðum til Sambandsins

Koma sendinga af hunangi og öðrum býræktarafurðum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í ákvörðun 2011/163/ESB að því er varðar „hunang“.

22. gr.

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af tilteknum, mikið unnum afurðum til Sambandsins

Koma sendinga af mikið unnu kondróitínsúlfati, mikið unninni hýalúrónsýru, mikið unnum öðrum vatnsrofnum brjóskafulurðum, mikið unnu kítósani, mikið unnu glúkósamíni, mikið unnum ostahleypi, mikið unnu fiskilími og mikið unnum amínósýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá eftirtöldum þriðju löndum eða svæðum þeirra:

- a) ef um er að ræða mikið unnar afurðir úr hóf- og klaufdýrum: þriðju lönd eða svæði þeirra sem eru skráð í XII. viðauka,
- b) ef um er að ræða mikið unnar afurðir úr lagarafurðum: þriðju lönd eða svæði þeirra sem eru skráð í IX. viðauka,
- c) ef um er að ræða mikið unnar afurðir úr alifuglum: þriðju lönd sem eru skráð í XIII. viðauka.

23. gr.

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af skriðdýrakjöti til Sambandsins

Koma sendinga af skriðdýrakjöti, sem er ætlað til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í XIV. viðauka.

24. gr.

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af skordýrum til Sambandsins

Koma sendinga af skordýrum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið skal einungis leyfð ef slík matvæli eru upprunnin í og send frá þriðju löndum sem eru skráð í XV. viðauka.

25. gr.

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af öðrum afurðum úr dýraríkinu til Sambandsins

Koma sendinga af afurðum úr dýraríkinu, öðrum en þeim sem um getur í 3. til 24. gr., sem eru ætlaðar til manneldis, inn í

Sambandið skal einungis leyfð ef þær koma frá eftirtöldum þriðju löndum eða svæðum þeirra:

a) ef þær eru úr tömdum hóf- og klaufdýrum, öðrum en tömdum staktæðum hófdýrum: þriðju löndum eða svæðum þeirra

sem hafa heimild til innflutnings á nýju kjöti af tömdum hóf- og klaufdýrum til Sambandsins í samræmi við XIII. viðauka

við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og eru skráð í ákvörðun 2011/163/ESB, þegar við á,

b) ef þær eru úr tömdum staktæðum hófdýrum: þriðju löndum sem eru skráð í I. viðauka,

c) ef þær eru úr alifuglum: þriðju löndum eða svæðum þeirra sem hafa heimild til innflutnings á nýju alifuglakjöti til

Sambandsins í samræmi við XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og eru skráð í ákvörðun 2011/163/ESB, þegar við á,

d) ef þær eru úr lagarafurðum: þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð í IX. viðauka,

e) ef þær eru úr dýrum af héraætt: þriðju löndum sem eru skráð í V. viðauka,

f) ef þær eru úr villtum landspendýrum, öðrum en hóf- og klaufdýrum og dýrum af héraætt: þriðju löndum sem eru skráð

í VI. viðauka,

g) ef þær eru úr fleiri en einni dýrategund: þriðju löndum eða svæðum þeirra sem eru skráð m.t.t. hvernar dýrategundar sem

afurðirnar eru úr í samræmi við a- til e-lið.

26. gr.

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af lifandi alifuglum og útungunareggjum af tegundinni Gallus gallus, lifandi kalkúnunum og útungunareggjum kalkúna til Sambandsins

Með fyrirvara um skrárnar sem teknar eru saman með tilliti til dýraheilbrigðiskrafna í V. viðauka við framkvæmdarreglugerð

(ESB) 2021/404 skal innflutningur sendinga af lifandi alifuglum og útungunareggjum af tegundinni Gallus gallus, lifandi

kalkúnunum og útungunareggjum kalkúna inn í Sambandið einungis leyfður ef þær koma frá þriðju löndum sem eru skráð í XVI. viðauka.

Kröfur um færslur á skrána sem mælt er fyrir um í fyrstu málsgrein þessarar greinar skulu ekki gilda um stakar sendingar með færri en 20 einingar af lifandi alifuglum, öðrum en strútfuglum, útungunareggjum og dagsgömlum ungum þeirra ef þær eru ætlaðar til frumframleiðslu á alifuglum til einkanota á heimilum eða sem leiðir til beinnar afhendingar framleiðandans á litlu magni af vöru á forstigi framleiðslunnar eins og um getur í 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003.

27. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/626 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu framkvæmdarreglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XVII. viðauka.

28. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.

Ursula VON DER LEYEN

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 18).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/626 frá 5. mars 2019 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Evrópusambandsins og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 að því er varðar þessar skrár (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019 bls. 31).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1).

(6) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þáðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (Stjtið. ESB L 114, 31.3.2021, bls. 1).

(7) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

(8) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/163/ESB frá 16. mars 2011 um samþykki fyrir áætlunum sem þriðju lönd hafa lagt fram í samræmi við 29. gr. tilskipunar ráðsins 96/23/EB (Stjtið. ESB L 70, 17.3.2011, bls. 40).

(9) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

(10) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 589/2008 frá 23. júní 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1234/2007 að því er varðar markaðsstaðla fyrir egg (Stjtið. ESB L 163, 24.6.2008, bls. 6).

(11) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum (Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1).

VIÐAUKI I

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af nýju kjöti, að undanskildu hökkuðu kjöti, og unnum kjötvörum úr tömdum staktæðum hófdýrum, eins og um getur í 4. gr., 19. gr. (2. mgr.) og 25. gr. (b-liður), til Sambandsins

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND	ATHUGASEMDIR
AR	Argentína	
AU	Ástralía	
BR	Brasilía	

CH	Sviss ⁽¹⁾	
NZ	Nýja-Sjáland	
UY	Úrúgvæ	

(¹) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

VIÐAUKI II

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af nýju kjöti, að undanskildum sláturmat og hökkuðu kjöti, og unnum kjötvörum úr villtum staktæðum hófdýrum, eins og um getur í 5. gr. og 2. mgr. 19. gr., til Sambandsins

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND	ATHUGASEMDIR
ZA	Suður-Afríka	Einungis villt veiðidýr

VIÐAUKI III

III. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa einungis heimild til að flytja villta veiðifugla, sem eru ætlaðir til manneldis, sem hafa ekki verið reyttir og ekki tekið innan úr þeim, inn í Sambandið ef þeir eru fluttir með flugvél eins og um getur í annarri málsgrein 6. gr.

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND	ATHUGASEMDIR
AR	Argentína	
BR	Brasilía	
CA	Kanada	
CL	Chile (Síle)	
IL	Ísrael ⁽¹⁾	
NZ	Nýja-Sjáland	
TH	Taíland	
TN	Túnis	
US	Bandaríkin	

(¹) Skilst héðan í frá sem Ísraelsríki, að undanskildum þeim yfirráðasvæðum sem hafa verið undir stjórn Ísraels frá júní 1967, þ.e. Gólanhæðir, Gasasvæðið, Austur-Jerúsalem og allur Vesturbakkinn.

VIÐAUKI IV

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af eggjum sem ætlunin er að setja á markað sem egg í A-flokki, eins og um getur í annarri málsgrein 7. gr., til Sambandsins

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND	ATHUGASEMDIR
CH	Sviss ⁽¹⁾	
JP	Japan	
MK	Norður-Makedónía	
UA	Úkraína	

(¹) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

VIÐAUKI V

V. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af nýju kjöti af alikaninum og nýju kjöti af villtum dýrum af héraætt án sláturmatar, að undanskildum villtum dýrum af héraætt sem ekki er búið að flá og taka innan úr, eins og um getur í 8. gr., 18. gr. (4. mgr.), 19. gr. (5. mgr.), 20. gr. (4. mgr.) og 25. gr. (e-liður), til Sambandsins

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRÍÐJA LAND	ATHUGASEMDIR
AR	Argentína	
AU	Ástralía	Einungis villt dýr af héraætt
CA	Kanada	
CH	Sviss ⁽¹⁾	
CL	Chile (Síle)	Einungis villt dýr af héraætt
CN	Kína	Einungis alíkanínur
MK	Norður-Makedónía	Einungis villt dýr af héraætt
NZ	Nýja-Sjáland	Einungis villt dýr af héraætt
RS	Serbía	Einungis villt dýr af héraætt
SG	Singapúr ⁽²⁾	Einungis villt dýr af héraætt
TN	Túnis	Einungis villt dýr af héraætt
UA	Úkraína	Einungis alíkanínur
US	Bandaríkin	
UY	Úrúgvæ	Einungis villt dýr af héraætt
ZA	Suður-Afríka	Einungis villt dýr af héraætt

(¹) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

(²) Einungis fyrir sendingar af nýju kjöti, sem er upprunnið á Nýja-Sjálandi, sem á að fara til Sambandsins og er affermt, með eða án geymslu, í Singapúr og endurfermt í samþykktri starfsstöð í umflutningi um Singapúr.

VIÐAUKI VI

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af nýju kjöti af villtum landspendýrum, öðrum en hóf- og klaufdýrum og dýrum af héraætt, án sláturmatar, eins og um getur í 9. gr., 18. gr. (5. mgr.), 19. gr. (6. mgr.), 20. gr. (5. mgr.) og 25. gr. (f-liður), til Sambandsins

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRÍÐJA LAND	ATHUGASEMDIR
AU	Ástralía	
CA	Kanada	
GL	Grænland	Einungis alin veiðidýr
NZ	Nýja-Sjáland	

VIÐAUKI VII

VII. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af kjötafurðum, þ.m.t. brædd dýrafita, hamsar, kjötkraftur og meðhöndlaðir magar, þvagblöðrur og þarmar, að undanskildum görnum, úr dýrum af héraætt, staktæðum hófdýrum og villtum landspendýrum, öðrum en hóf- og klaufdýrum og dýrum af héraætt, eins og um getur í fyrstu málsgrein 10. gr., til Sambandsins

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRÍÐJA LAND	TAMIN STAKTÆÐ HÓFDÝR	ALÍKANÍNUR	VILLT STAKTÆÐ HÓFDÝR	VILLT DÝR AF HÉRAÆTT (KANÍNUR OG HÉRAR)	VILLT LANDSPENDÝR (ÖNNUR EN HÓF- OG KLAUFDÝR OG DÝR AF HÉRAÆTT)
AR	Argentína	A	A	NA	A	NA
AU	Ástralía	A	NA	NA	A	A
BR	Brasilía	A	NA	NA	NA	NA
CA	Kanada	A	A	NA	A	A
CH	Sviss ⁽¹⁾					
CL	Chile (Síle)	NA	NA	NA	A	NA
CN	Kína	NA	A	NA	NA	NA

GL	Grænland	NA	NA	NA	NA	A (einungis alin veiðidýr)
MK	Norður-Makedónía	NA	NA	NA	A	NA
NZ	Nýja-Sjáland	A	NA	NA	A	A
RS	Serbía	NA	NA	NA	A	NA
TN	Túnis	NA	NA	NA	A	NA
UA	Úkraína	NA	A	NA	NA	NA
US	Bandaríkin	NA	A	NA	A	NA
UY	Úrúgvæ	A	NA	NA	A	NA
ZA	Suður-Afríka	NA	NA	A (einungis villt veiðidýr)	A	NA

Túlkun á kóðum sem eru notaðir í töflunni

A (= ósértæk meðhöndlun)	Koma leyfð. Ekki er gerð krafa um sérstaka meðhöndlun. Aftur á móti skal kjötið í slíkum kjötafurðum hafa fengið meðhöndlun þannig að skorinn yfirborðsflötur þess sýni að það hafi ekki lengur sérkenni nýs kjöts og nýja kjötið sem er notað skal einnig uppfylla dýraheilbrigðisreglur sem gilda um komu á nýju kjöti inn í Sambandið.
NA	Koma ekki leyfð

(¹) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

VIÐAUKI VIII

VIII. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af lifandi, kældum, frystum eða unnum samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum, eins og um getur í 12. gr., til Sambandsins

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND	ATHUGASEMDIR
AU	Ástralía	
CA	Kanada	
CH	Sviss (¹)	
CL	Chile (Síle)	
GL	Grænland	Einungis villtur afli
JM	Jamaíka	Einungis sæsniglar úr villtum afla
JP	Japan	Einungis frystar eða unnar samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsniglar
KR	Suður-Kórea	Einungis frystar eða unnar samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsniglar
MA	Marokkó	Með unnum samlokum af tegundinni Acanthocardia tuberculatum skal fylgja: a) viðbótarheilbrigðisvottun í samræmi við fyrirmyndina MOL-AT, sem sett er fram í 32. kafla III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 (2), og b) greiningarniðurstöður prófana sem sýna fram á að lindýrin innihaldi ekki lamandi skelfiskseitur í magni sem er greinanlegt með lífgreiningaraðferð.
NZ	Nýja-Sjáland	
PE	Perú	Einungis slægðir Pectinidae (diskar) úr lagareldi
TH	Taíland	Einungis frystar eða unnar samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsniglar
TN	Túnis	
TR	Tyrkland	

US	Bandaríkin	Ríkin Washington og Massachusetts
UY	Úrúgvæ	
VN	Vietnam	Einungis frystar eða unnar samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsniglar

- (1) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).
- (2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB (Stjtið. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1).

VIÐAUKI IX

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af tilteknum lagarafurðum, eins og um getur í 13. gr, 18. gr (3. mgr.), 19. gr (4. mgr.), 20. gr (3. mgr.), 22. gr (b-liður) og 25. gr (d-liður), til Sambandsins

ISO-KÓDI LANDS	ÞRIÐJA LAND	ATHUGASEMDIR
AE	Sameinuðu arabísku furstadæmin	Lagareldi: Einungis hráefni sem er annaðhvort frá aðildarríkjum eða frá öðrum þriðju löndum sem samþykkt eru til innflutnings á slíku hráefni til Sambandsins
AG	Antígva og Barbúda	Einungis lifandi humar úr villtum afla
AL	Albanía	Lagareldi: einungis fiskur
AM	Armenía	Einungis lifandi villtir vatnakrabbar, hitameðhöndlaðir vatnakrabbar sem eru ekki eldisdýr og frystir vatnakrabbar sem eru ekki eldisdýr
AO	Angóla	Einungis villtur afli
AR	Argentína	
AU	Ástralía	
AZ	Aserbaisjan	Einungis kaviar úr villtum afla
BA	Bosnía og Hersegóvína	Lagareldi: einungis fiskur
BD	Bangladess	
BJ	Benín	Einungis villtur afli
BN	Brúnei	Einungis lagareldisafurðir
BQ	Bonaire, Sankti ESTATÍUSEY, Saba	Einungis villtur afli
BR	Brasilía	
BS	Bahamaeyjar	Einungis villtur afli
BY	Belarús (Hvíta-Rússland)	Einungis villtur afli
BZ	Belís	Einungis villtur afli
CA	Kanada	
CG	Kongó	Einungis lagarafurðir úr villtum afla sem eru veiddar, frystar og pakkaðar í endanlegar umbúðir á hafi úti
CH	Sviss ⁽¹⁾	
CI	Fílabeinsströndin	Einungis villtur afli
CL	Chile (Síle)	
CN	Kína	
CO	Kólumbía	
CR	Costa Rica	

CU	Kúba	
CV	Grænhöfðæyjar	Einungis villtur afli
CW	Curaçao	Einungis villtur afli
DZ	Alsír	Einungis villtur afli
EC	Ekvador	
EG	Egyptaland	Einungis villtur afli
ER	Eritrea	Einungis villtur afli
FJ	Fíjví	Einungis villtur afli
FK	Falklandseyjar	
GA	Gabon	Einungis villtur afli
GD	Grenada	Einungis villtur afli
GE	Georgía	Einungis villtur afli
GH	Gana	Einungis villtur afli
GL	Grænland	Einungis villtur afli
GM	Gambía	Einungis villtur afli
GN	Gínea	Einungis villtur afli. Einungis fiskur sem ekki hefur verið tilreiddur eða unninn á annan hátt en með hausun, slægingu, kælingu eða frýstingu.
GT	Gvatemala	
GY	Gvæjana	Einungis villtur afli
HK	Hong Kong	Einungis villtur afli
HN	Hondúras	
ID	Indónesía	
IL	Ísrael ⁽²⁾	
IN	Indland	
IR	Íran	Lagareldi: einungis krabbadýr
JM	Jamaíka	Einungis villtur afli
JP	Japan	
KE	Kenya	
KI	Kiribátí	Einungis villtur afli
KR	Suður-Kórea	
KZ	Kasakstan	Einungis villtur afli
LK	Srí Lanka	
MA	Marokkó	
MD	Moldóva	Einungis kaviar
ME	Montenegró (Svartfjallaland)	
MG	Madagaskar	
MK	Norður-Makedónía	
MM	Myanmar (Mjanmar)	
MR	Máritanía	Einungis villtur afli
MU	Máritíus	
MV	Maldivur	Einungis villtur afli
MX	Mexíkó	
MY	Malasía	
MZ	Mósambík	
NA	Namibía	Einungis villtur afli
NC	Nýja-Kaledónía	Lagareldi: einungis krabbadýr
NG	Nígíría	Einungis villtur afli

NZ	Nýja-Sjáland	
OM	Óman	Einungis villtur afli
PA	Panama	
PE	Perú	
PF	Franska Pólýnesia	Einungis villtur afli
PG	Papúa Nýja-Gínea	Einungis villtur afli
PH	Filippseyjar	
PM	Sankti Pierre og Miquelon	Einungis villtur afli
PK	Pakistan	Einungis villtur afli
RS	Serbía	
RU	Rússland	Einungis villtur afli
SA	Sádi-Arabía	
SB	Salómonseyjar	Einungis villtur afli
SC	Seychelles-eyjar	Einungis villtur afli
SG	Singapúr	
SH	Sankti Helena (Að undanskildum eyjunum Tristan de Cunha og Ascension)	Einungis villtur afli
	Tristan de Cunha (Að undanskildum eyjunum Sankti Helenu og Ascension)	Einungis humar (nýr eða frystur) úr villtum afla
SN	Senegal	Einungis villtur afli
SR	Súrínám	Einungis villtur afli
SV	El Salvador	Einungis villtur afli
SX	Sankti Martin	Einungis villtur afli
TH	Taíland	
TN	Túnis	Lagareldi: einungis fiskur
TR	Tyrkland	
TW	Taívan	
TZ	Tansanía	
UA	Úkraína	
UG	Úganda	
US	Bandaríkin	
UY	Úrúgvæ	
VE	Venesúela	
VN	Víetnam	
YE	Jemen	Einungis villtur afli
ZA	Suður-Afríka	Einungis villtur afli
ZW	Zímbabve	Einungis villtur afli

(1) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

(2) Skilst héðan í frá sem Ísraelsríki, að undanskildum þeim yfirráðasvæðum sem hafa verið undir stjórn Ísraels frá júní 1967, þ.e. Gólanhæðir, Gasasvæðið, Austur-Jerúsalem og allur Vesturbakkinn.

VIÐAUKI X

X. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af hrámjólk, broddi, afurðum, að stofni til úr broddi, og mjólkurafurðum úr staktæðum hófdýrum, eins og um getur í 14. gr., til Sambandsins

ISO-KÓDI LANDS	ÞRÍÐJA LAND	ATHUGASEMDIR
----------------	-------------	--------------

AU	Ástralía	
BA	Bosnía og Hersegóvína	
CA	Kanada	
CH	Sviss ⁽¹⁾	
JP	Japan	
ME	Montenegró (Svartfjallaland)	
NZ	Nýja-Sjáland	
US	Bandaríkin	

(¹) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

VIÐAUKI XI

XI. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af froskalöppum og sniglum, eins og um getur í 17. gr., til Sambandsins

ISO-KÓDI LANDS	ÞRIÐJA LAND	ATHUGASEMDIR
AL	Albanía	
AU	Ástralía	
BA	Bosnía og Hersegóvína	Einungis sniglar
BR	Brasilía	Einungis froskalappir
BY	Belarús (Hvíta-Rússland)	Einungis sniglar
CA	Kanada	Einungis sniglar
CH	Sviss ⁽¹⁾	
CI	Filabeinsströndin	Einungis sniglar
CL	Chile (Síle)	Einungis sniglar
CN	Kína	
DZ	Alsír	Einungis sniglar
EG	Egyptaland	Einungis froskalappir
GH	Gana	Einungis sniglar
ID	Indónesía	
IN	Indland	Einungis froskalappir
MA	Marokkó	Einungis sniglar
MD	Moldóva	Einungis sniglar
MK	Norður-Makedónía	Einungis sniglar
NG	Nígería	Einungis sniglar
NZ	Nýja-Sjáland	Einungis sniglar
PE	Perú	Einungis sniglar
RS	Serbía	Einungis sniglar
TH	Tailand	Einungis sniglar
TN	Túnis	Einungis sniglar
TR	Tyrkland	
UA	Úkraína	Einungis sniglar
US	Bandaríkin	Einungis sniglar
VN	Vietnam	
ZA	Suður-Afríka	Einungis sniglar

(¹) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

VIÐAUKI XII

Skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af gelatíni og kollageni úr nautgripum, sauðfé, geitum, svínum og staktæðum hófdýrum, eins og um getur í 18. gr. (1. mgr.), 20. gr. (1. mgr.) og 22. gr. (a-liður), til Sambandsins

ISO-KÓDI LANDS	ÞRIÐJA LAND	ATHUGASEMDIR
AL	Albanía	
AR	Argentína	
AU	Ástralía	
BA	Bosnía og Hersegóvína	
BH	Barein	
BR	Brasilía	
BW	Botsvana	
BY	Belarús (Hvíta-Rússland)	
BZ	Belís	
CA	Kanada	
CH	Sviss ⁽¹⁾	
CL	Chile (Síle)	
CN	Kína	
CO	Kólumbía	
CR	Costa Rica	
CU	Kúba	
DZ	Alsír	
ET	Eþíópía	
FK	Falklandseyjar	
GL	Grænland	
GT	Gvatemala	
HK	Hong Kong	
HN	Hondúras	
IL	Ísrael ⁽²⁾	
IN	Indland	
JP	Japan	
KE	Kenya	
KR	Suður-Kórea	
MA	Marokkó	
ME	Montenegró (Svartfjallaland)	
MG	Madagaskar	
MK	Norður-Makedónía	
MU	Máritíus	
MX	Mexíkó	
MY	Malasía	
NA	Namibía	
NC	Nýja-Kaledónía	
NI	Níkaragva	
NZ	Nýja-Sjáland	
PA	Panama	
PK	Pakistan	
PY	Paragvæ	
RS	Serbía	
RU	Rússland	

SG	Singapúr	
SV	El Salvador	
SZ	Esvatíní	
TH	Taíland	
TN	Túnis	
TR	Tyrkland	
TW	Taívan	
UA	Úkraína	
US	Bandaríkin	
UY	Úrúgvæ	
ZA	Suður-Afríka	
ZW	Zimbabwe	

(¹) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

(²) Skilst héðan í frá sem Ísraelsríki, að undanskildum þeim yfirráðasvæðum sem hafa verið undir stjórn Ísraels frá júní 1967, þ.e. Gólanhæðir, Gasasvæðið, Austur-Jerúsalem og allur Vesturbakkinn.

VIÐAUKI XIII

XIII. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af gelatíni og kollageni úr alifuglum, eins og um getur í 18. gr. (2. mgr.), 20. gr. (2. mgr.) og 22. gr. (c-liður), til Sambandsins

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRIÐJA LAND	ATHUGASEMDIR
AL	Albanía	
AR	Argentína	
AU	Ástralía	
BA	Bosnía og Hersegóvína	
BR	Brasilía	
BW	Botsvana	
BY	Belarús (Hvíta-Rússland)	
CA	Kanada	
CH	Sviss (¹)	
CL	Chile (Síle)	
CN	Kína	
GL	Grænland	
HK	Hong Kong	
IL	Ísrael (²)	
IN	Indland	
JP	Japan	
KR	Suður-Kórea	
MD	Moldóva	
ME	Montenegró (Svartfjallaland)	
MG	Madagaskar	
MY	Malasía	
MK	Norður-Makedónía	
MX	Mexíkó	
NA	Namibía	
NC	Nýja-Kaledónía	
NZ	Nýja-Sjáland	

PM	Sankti Pierre og Miquelon	
RS	Serbía	
RU	Rússland	
SG	Singapúr	
TH	Taíland	
TN	Túnis	
TR	Tyrkland	
TW	Taívan	
UA	Úkraina	
US	Bandaríkin	
UY	Úrúgvæ	
ZA	Suður-Afríka	
ZW	Zimbabwe	

(¹) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

(²) Skilst héðan í frá sem Ísraelsríki, að undanskildum þeim yfirráðasvæðum sem hafa verið undir stjórn Ísraels frá júní 1967, þ.e. Gólanhæðir, Gasasvæðið, Austur-Jerúsalem og allur Vesturbakkinn.

VIÐAUKI XIV

XIV. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af skriðdýrakjöti, eins og um getur í 23. gr., til Sambandsins

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRÍÐJA LAND	ATHUGASEMDIR
CH	Sviss	
BW	Botsvana	
VN	Víetnam	
ZA	Suður-Afríka	
ZW	Zimbabwe	

VIÐAUKI XV

XV. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af skordýrum, eins og um getur í 24. gr., til Sambandsins

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRÍÐJA LAND	ATHUGASEMDIR
CA	Kanada	
CH	Sviss	
KR	Suður-Kórea	
TH	Taíland	
VN	Víetnam	

VIÐAUKI XVI

XVI. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af lifandi alifuglum og útungunareggjum af tegundinni Gallus gallus, lifandi kalkúnum og útungunareggjum kalkúna, eins og um getur í fyrstu málsgrein 26. gr., til Sambandsins

ISO-KÓÐI LANDS	ÞRÍÐJA LAND	AFURÐIR SEM ÞRÍÐJA LANDIÐ ER SKRÁÐ FYRIR	
		Gallus gallus	Kalkúnar
BR	Brasília	DOC, HEP	-

CA	Kanada	BPP (*1), DOC (*1), HEP	BPP (*1), DOC, HEP
CH	Sviss (1)		
IL	Ísrael (2)	DOC, HEP	DOC, HEP
US	Bandaríkin	BPP (*1), DOC, HEP	DOC, HEP

(*1) Einungis til undaneldis.

BPP: alifuglar til undaneldis eða framleiðslu

DOC: dagsgamlir ungar

HEP: útungunaregg.

(1) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).

(2) Skilst héðan í frá sem Ísraelsríki, að undanskildum þeim yfirráðasvæðum sem hafa verið undir stjórn Ísraels frá júní 1967, þ.e. Gólanhæðir, Gasasvæðið, Austur-Jerúsalem og allur Vesturbakkinn.

VIÐAUKI XVII

XVII. VIÐAUKI

Samsvörunartafla sem um getur í annarri málsgrein 27. gr.

Reglugerð (ESB) 2019/626	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
3. gr.	3., 4. og 5. gr.
4. gr.	6. og 7. gr.
5. gr.	8. og 9. gr.
6. gr.	10. gr.
7. gr.	11. gr.
8. gr.	12. gr.
9. gr.	13. gr.
10. gr.	15. og 16. gr.
11. gr.	17. gr.
12. gr.	17. gr.
13. gr.	10. gr.
14. gr.	18. gr.
15. gr.	19. gr.
16. gr.	20. gr.
17. gr.	21. gr.
18. gr.	22. gr.
19. gr.	23. gr.
20. gr.	24. gr.
21. gr.	25. gr.
22. gr.	-
23. gr.	27. gr.
24. gr.	-
25. gr.	28. gr.
I. viðauki	VIII. viðauki
VIII. viðauki	IX. viðauki
III. viðauki	XI. viðauki
III. viðauki a	XV. viðauki
IV. viðauki	-

FYLGISKJAL 2

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/606
frá 14. apríl 2021

um breytingu á I. viðauka, IV. til XIII. viðauka og XVI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405
að því er varðar færslurnar fyrir Belarús (Hvíta-Rússland) og Breska konungsríkið og hjálendur
krúnunnar Guernsey, Mön og Jersey í skránum yfir þriðju lönd eða svæði þeirra þaðan sem
aðflutningur til Sambandsins á tilteknum dýrum og vörum,
sem eru ætluð til manneldis, er leyfður
(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,
með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og
aðra opinbera starfsemi
sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra,
plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009,
(EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031,
reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB,
2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE,
96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (1), einkum 2.
mgr. 127. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:
1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 (2) bætir við reglugerð (ESB) 2017/625 að því
er varðar skilyrði fyrir komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í
Sambandið frá þriðju löndum eða svæðum þeirra til að tryggja að þær uppfylli gildandi kröfur, sem komið var á
með reglunum um matvælaöryggi, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eða kröfur sem
viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar þeim. Þessi skilyrði taka til auðkenningar á dýrum og vörum, sem eru ætluð
til manneldis, sem geta einungis komið inn í Sambandið frá þriðja löndum eða svæðum sem eru skráð í samræmi
við a-lið 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.
2) Í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 (3), (EB) nr. 119/2009 (4), (ESB) nr. 206/2010 (5)
og (ESB) nr.
605/2010 (6), sem eru felldar úr gildi frá og með 21. apríl 2021 með framseldri reglugerð
framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 (7), og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB)
2019/626 (8), sem er felld úr gildi frá og með 21. apríl 2021 með framkvæmdarreglugerð
framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 (9), er mælt fyrir um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra þaðan sem
aðflutningur til Sambandsins á tilteknum dýrum og vörum er leyfður. Með framkvæmdarreglugerð (ESB)
2021/405, sem gildir frá 21. apríl 2021, er skipt út skrár sem varða kröfur um matvælaöryggi í reglugerðum
framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008, (EB) nr. 119/2009, (ESB) nr. 206/2010 og (ESB) nr. 605/2010 sem
og í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/626.
3) Belarús (Hvíta-Rússland) er í skránni yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur til Sambandsins á lagarafurðum,
öðrum en samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum, er leyfður, sem sett er fram í II. viðauka við
framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/626, og er með áætlun um vöktun efnaleifa fyrir lagareldi sem er samþykkt í
samræmi við 1. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/163/ESB (10). Því eru viðeigandi sönnunargögn
og ábyrgðir til að tryggja að Belarús (Hvíta-Rússland) uppfylli kröfurnar í a- til f-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar
(ESB) 2019/625 vegna komu lagarafurða inn í Sambandið, þ.m.t. úr lagareldi, annarra en samloka, skrápdyra,
möttuldýra og sæsnigla. Fjarlægja ætti athugasemdina „einungis villtur afli“, sem tengist sem stendur Belarús
(Hvíta-Rússlandi) í skránni sem sett er fram í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, til þess að
heimila komu lagarafurða úr lagareldi inn í Sambandið frá því þriðja landi.
4) Reglugerðum (EB) nr. 798/2008, (EB) nr. 119/2009, (ESB) nr. 206/2010 og (ESB) nr. 605/2010 og
framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/626 var breytt, að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið og
hjálandur krúnunnar Guernsey, Mön og Jersey í skránum yfir þriðju lönd eða svæði þeirra þaðan sem aðflutningur
til Sambandsins á tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, er leyfður, með
framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2205 (11), (ESB) 2020/2206 (12), (ESB)
2020/2204 (13), (ESB) 2020/2207 (14) og (ESB) 2020/2209 (15), eftir því sem við á.
5) Breska konungsríkið og hjálandur krúnunnar Guernsey, Mön og Jersey voru ekki tekin með í þessar skrár í
framkvæmdarreglugerð
(ESB) 2021/405. Því ætti að breyta þeirri framkvæmdarreglugerð til að fella þessar færslur inn í hana.
6) Breska konungsríkið hefur lagt fram viðeigandi sönnunargögn og ábyrgðir til að tryggja að dýr og vörur, sem
leyft er að flytja inn í Sambandið frá Breska konungsríkinu og hjálandum krúnunnar Guernsey, Mön og Jersey,
uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- til e-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625.
7) Í f-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625 er kveðið á um að tilvist, framkvæmd og miðlun
eftirlitsáætlunar vegna efnaleifa sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, þegar við á, sé viðbótarkrafa fyrir því

að þriðju lönd eða svæði þess séu færð á skrána sem um getur í a-lið 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Skráin yfir þriðju lönd sem eru með samþykktu áætlun um vöktun efnaleifa er sett fram í viðaukanum við ákvörðun 2011/163/ESB sem var breytt, að því er varðar samþykki fyrir áætlunum um vöktun efnaleifa sem Breska konungsríkið og hjálendur krúnunnar Guernsey, Mön og Jersey lögðu fram, með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2218 (16).

8) Að teknu tilliti til sönnunargagna og ábyrgða sem Breska konungsríkið hefur lagt fram ætti að færa þetta þriðja land og hjálendur

krúnunnar Guernsey, Mön og Jersey inn í I. viðauka, IV. til XIII. viðauka og XVI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405, með fyrirvara um beitingu laga Sambandsins um og innan Breska konungsríkisins að því er varðar Norður-Írland, í samræmi við 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins StóraBretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, í tengslum við 2. viðauka við þá bókun. Endurmat á því hvort farið er að kröfunum, sem mælt er fyrir um í a- til f-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625, er ekki nauðsynlegt.

9) Því ætti að breyta I. viðauka, IV. til XIII. viðauka og XVI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 til samræmis við það.

10) Þar eð framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 gildir frá og með 21. apríl 2021 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með sömu dagsetningu.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka, IV. til XIII. viðauka og XVI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.

Ursula VON DER LEYEN

- (1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.
- (2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 18).
- (3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 frá 8. ágúst 2008 um skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólfi, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1).
- (4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 119/2009 frá 9. febrúar 2009 um skrár yfir þriðju lönd eða hluta þeirra fyrir innflutning til Bandalagsins eða umflutning um Bandalagið á kjöti af villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alikaninum og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 39, 10.2.2009, bls. 12)).
- (5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 frá 12. mars 2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1).
- (6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 frá 2. júlí 2010 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrámmjólk, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, til manneldis (Stjtið. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 1).
- (7) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).
- (8) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/626 frá 5. mars 2019 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Evrópusambandsins og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 að því er varðar þessar skrár (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 31).
- (9) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtið. ESB L 114, 31.3.2021, bls. 118).
- (10) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/163/ESB frá 16. mars 2011 um samþykki fyrir áætlunum sem þriðju lönd hafa lagt fram í samræmi við 29. gr. tilskipunar ráðsins 96/23/EB (Stjtið. ESB L 70, 17.3.2011, bls. 40).
- (11) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2205 frá 22. desember 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið og hjálendur krúnunnar Guernsey í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólfi þaðan sem innflutningur á sendingum af alifuglum og alifuglavörum til Sambandsins eða umflutningur um Sambandið er leyfður (Stjtið. ESB L 438, 28.12.2020, bls. 11).
- (12) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2206 frá 22. desember 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009 að því er varðar færsluna fyrir Breska konungsríkið í skránni yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum með kjöti af villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alikaninum til Sambandsins (Stjtið. ESB L 438, 28.12.2020, bls. 15).
- (13) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2204 frá 22. desember 2020 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið og hjálendur krúnunnar í skránum yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Sambandsins (Stjtið. ESB L 438, 28.12.2020, bls. 7).
- (14) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2207 frá 22. desember 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið og hjálendur krúnunnar í skránni yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á hrámmjólk, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, sem ætluð eru til manneldis, til Sambandsins (Stjtið. ESB L 438, 28.12.2020, bls. 18).
- (15) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2209 frá 22. desember 2020 um breytingu á

I., II. og III. viðauka við

framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/626 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið og hjálendur krúnunnar í skránni yfir þriðju lönd eða svæði þeirra þaðan sem aðflutningur til Evrópusambandsins á tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, er leyfður (Stjtið. ESB L 438, 28.12.2020, bls. 24).

(16) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2218 frá 22. desember 2020 um breytingu á viðaukanum við ákvörðun 2011/163/ESB að því er varðar samþykki fyrir áætlunum um vöktun efnaleifa sem Breska konungsríkið og hjálendur krúnunnar lögðu fram (Stjtið. ESB L 438, 28.12.2020, bls. 63).

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka, IV. til XIII. viðauka og XVI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 er breytt sem hér segir:

1) Í I. viðauka er eftirfarandi færslu bætt við milli færslunnar fyrir Sviss og færslunnar fyrir Nýja-Sjáland:

„GB	Breska konungsríkið (*1)	
-----	--------------------------	--

2) Í IV. viðauka er eftirfarandi færslu bætt við milli færslunnar fyrir Sviss og færslunnar fyrir Japan:

„GB	Breska konungsríkið (*2)	
-----	--------------------------	--

3) Í V. viðauka er eftirfarandi færslu bætt við milli færslunnar fyrir Kína og færslunnar fyrir Norður-Makedóníu:

„GB	Breska konungsríkið (*3)	
-----	--------------------------	--

4) Í VI. viðauka er eftirfarandi færslu bætt við milli færslunnar fyrir Kanada og færslunnar fyrir Grænland:

„GB	Breska konungsríkið (*4)	
-----	--------------------------	--

5) Í VII. viðauka er eftirfarandi færslu bætt við milli færslunnar fyrir Kína og færslunnar fyrir Grænland:

„GB	Breska konungsríkið (*5)	A	A	A	A	A
-----	--------------------------	---	---	---	---	---

6) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslum er bætt við á milli færslunnar fyrir Chile (Síle) og færslunnar fyrir Grænland:

„GB	Breska konungsríkið (*6)	
GG	Guernsey	Einungis villtur afli

b) Eftirfarandi færslum er bætt við milli færslunnar fyrir Grænland og færslunnar fyrir Jamaíka:

„IM	Mön	
JE	Jersey	Einungis villtur afli

7) Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir Belarús (Hvíta-Rússland) kemur eftirfarandi:

„BY	Belarús (Hvíta-Rússland)**	
-----	----------------------------	--

b) Eftirfarandi færslu er bætt við milli færslunnar fyrir Gabon og færslunnar fyrir Grenada:

„GB	Breska konungsríkið (*7)	
-----	--------------------------	--

c) Eftirfarandi færslu er bætt við milli færslunnar fyrir Georgíu og færslunnar fyrir Gana:

„GG	Guernsey	Einungis villtur afli
-----	----------	-----------------------

d) Eftirfarandi færslu er bætt við milli færslunnar fyrir Ísrael og færslunnar fyrir Indland:

„IM	Mön	
-----	-----	--

e) Eftirfarandi færslu er bætt við milli færslunnar fyrir Íran og færslunnar fyrir Jamaíka:

„JE	Jersey	Einungis villtur afli
-----	--------	-----------------------

8) Í X. viðauka er eftirfarandi færslum bætt við milli færslunnar fyrir Sviss og færslunnar fyrir Japan:

„GB	Breska konungsríkið (*8)	
GG	Guernsey	
IM	Mön	
JE	Jersey	

9) Ákvæðum XI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslum er bætt við milli færslunnar fyrir Egyptaland og færslunnar fyrir Gana:

„GB	Breska konungsríkið (*9)	
GG	Guernsey	

b) Eftirfarandi færslu er bætt við milli færslunnar fyrir Indónesíu og færslunnar fyrir Indland:

„IM	Mön“	
-----	------	--

c) Eftirfarandi færslu er bætt við milli færslunnar fyrir Indland og færslunnar fyrir Marokkó:

„JE	Jersey“	
-----	---------	--

10) Ákvæðum XII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslum er bætt við milli færslunnar fyrir Falklandseyjar og færslunnar fyrir Grænland:

„GB	Breska konungsríkið (*10)	
GG	Guernsey	

b) Eftirfarandi færslu er bætt við milli færslunnar fyrir Ísrael og færslunnar fyrir Indland:

„IM	Mön“	
-----	------	--

c) Eftirfarandi færslu er bætt við milli færslunnar fyrir Indland og færslunnar fyrir Japan:

„JE	Jersey“	
-----	---------	--

11) Í XIII. viðauka er eftirfarandi færslum bætt við milli færslunnar fyrir Kína og færslunnar fyrir Grænland:

„GB	Breska konungsríkið (*11)	BPP, DOC, HEP	BPP, DOC, HEP
GG	Guernsey		

12) Í XVI. viðauka er eftirfarandi færslum bætt við milli færslunnar fyrir Sviss og færslunnar fyrir Ísrael:

„GB	Breska konungsríkið (*12)	BPP, DOC, HEP	BPP, DOC, HEP
GG	Guernsey	BPP	BPP

FYLGISKJAL

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/363

frá 2. mars 2022

um breytingu og leiðréttingu á IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að því er varðar skrárnar yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tilteknar lagarafurðir til Sambandsins

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (1), einkum b-lið 1. mgr. 53. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (2), einkum 2. mgr. 127. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 (3) eru settar fram kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið frá þriðju löndum eða svæðum þeirra til að tryggja að þær uppfylli gildandi kröfur, sem komið var á með reglunum um matvælaöryggi, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eða kröfur sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar þeim. Einkum fellur innflutningur þessara vara og dýra inn í Sambandið undir þá kröfu að þau komi frá þriðja landi eða svæði þess sem er á skrá í samræmi við a-lið 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

2) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 (4) er mælt fyrir um skrár yfir þriðju lönd og svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins í samræmi við alið 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Í IX. viðauka við þá reglugerð er sett fram skrá yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af tilteknum lagarafurðum, þ.m.t.. afurðir úr lagareldi, til Sambandsins.

3) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/367 (5) voru Belarús (Hvíta-Rússland), Ísrael (6), Moldóva, Sviss, Tyrkland, Sameinuðu arabísku furstadæmin og Úrúgvæ skráð í viðaukann við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/163/ESB (7) fyrir undirflokkinn „kavíar (fiskafurð)“ í flokknun „lagareldisafurðir“. Því er viðeigandi að skrá þessi þriðju lönd í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 með athugasemdinni „Lagareldi: kavíar (fiskafurð)“.

4) Kanada, Kína og Bandaríkin voru áður skráð fyrir „lagareldi“ í viðaukann við ákvörðun 2011/163/ESB og fluttu út kavíar úr lagareldi á þeim grundvelli. Áætlunin um vöktun efnaleifa sem þau lögðu fram að því er varðar fiska var í samræmi við almennar kröfur Sambandsins um lagareldi og náði einnig yfir kavíar. Þess vegna voru þessi þriðju lönd ekki í skránni fyrir „fiskafurðir (t.d. kavíar)“ í viðaukanum við ákvörðun 2011/163/ESB, eins og henni var breytt með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/2315. Með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/367 voru Kanada, Kína og Bandaríkin skráð í viðaukann við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/163/ESB fyrir undirflokkinn „kavíar (fiskafurð)“ í flokknun „lagareldisafurðir“. Því er viðeigandi að skrá þessi þriðju lönd í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 fyrir allar lagarafurðir í flokknun lagareldi.

5) Óman var fjarlægð úr skránni yfir samþykkt lönd að því er varðar lagareldisafurðir í viðaukanum við ákvörðun 2011/163/ESB með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2315 (8) þar eð samþykkt áætlun Ómans um vöktun efnaleifa var ekki fullnægjandi. Óman var fjarlægð úr IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/34/ (9) að því er varðar lagareldisafurðir en fyrir slysi einnig að því er varðar villtan fisk þar sem ekki er gerð krafa um áætlun um vöktun efnaleifa. Þess vegna þarf að leiðrétta færsluna fyrir Óman að því er varðar villtan fisk í IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405.

6) Því ætti að breyta og leiðrétta IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 til samræmis við það.

7) Til að lágmarka röskun á viðskiptum og tryggja réttaröryggi og samræmi við ákvörðun 2011/163/ESB ætti þessi reglugerð að öðlast sem fyrst.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. mars 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Ursula VON DER LEYEN
forseti.

- (1) Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.
- (2) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.
- (3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 18).
- (4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtið. ESB L 114, 31.3.2021, bls. 118).
- (5) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/367 frá 2. mars 2022 um breytingu á ákvörðun 2011/163/ESB um samþykki fyrir áætlunum sem þriðju lönd hafa lagt fram í samræmi við 29. gr. tilskipunar ráðsins 96/23/EB (Stjtið. ESB L 69, 4.3.2022, bls. 107).
- (6) Skilst héðan í frá sem Ísraelsríki, að undanskildum þeim yfirráðasvæðum sem hafa verið undir stjórn Ísraels frá júní 1967, þ.e. Gólanhæðir, Gasasvæðið, Austur-Jerúsalem og allur Vesturbakkinn.
- (7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. mars 2011 um samþykki fyrir áætlunum sem þriðju lönd hafa lagt fram í samræmi við 29. gr. tilskipunar ráðsins 96/23/EB (Stjtið. ESB L 70, 17.3.2011, bls. 40).
- (8) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2315 frá 17. desember 2021 um breytingu á ákvörðun 2011/163/ESB um samþykki fyrir áætlunum sem þriðju lönd hafa lagt fram í samræmi við 29. gr. tilskipunar ráðsins 96/23/EB (Stjtið. ESB L 464, 28.12.2021, bls. 17).
- (9) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/34 frá 22. desember 2021 um breytingu á III., VIII., IX. og XI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 að því er varðar skrárnar yfir þriðju lönd eða svæði þeirra þaðan sem heimilt er að flytja tiltekna villta veiðifugla, sem eru ætlaðir til manneldis, sendingar af tilteknum samlokum, skrápðýrum, möttuldýrum og sæsniglum, tilteknar lagarafurðir og froskalappir og snigla inn í Sambandið og um niðurfellingu á ákvörðun 2007/82/EB (Stjtið. ESB L 8, 13.1.2022, bls. 1).

VIÐAUKI

Ákvæðum IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/405 er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir Sameinuðu arabísku furstadæmin kemur eftirfarandi:

„AE	Sameinuðu arabísku furstadæmin	Lagareldi: fiskar og kaviar (fiskafurð) Einungis hráefni sem er annaðhvort frá aðildarríkjum eða frá öðrum þriðju löndum sem samþykkt eru til innflutnings á slíku hráefni til Sambandsins“
-----	--------------------------------	--

b) Í stað færslunnar fyrir Belarús (Hvíta-Rússland) kemur eftirfarandi:

„BY	Belarús (HvítaRússland)	Lagareldi: fiskar og kaviar (fiskafurð)“
-----	-------------------------	--

c) Í stað færslunnar fyrir Kanada kemur eftirfarandi:

„CA	Kanada (*)	
(*) Þessi þriðju lönd eða svæði þeirra geta flutt út allar lagarafurðir (fiska, kaviar (fiskafurð) og krabbadýr).“		

d) Í stað færslunnar fyrir Sviss kemur eftirfarandi:

„CH	Sviss (*)	Lagareldi: fiskar og kaviar (fiskafurð)
(*) Í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss frá 21. júní 1999 um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).“		

e) Í stað færslunnar fyrir Kína kemur eftirfarandi:

„CN	Kína (*)	
(*) Þessi þriðju lönd eða svæði þeirra geta flutt út allar lagarafurðir (fiska, kaviar (fiskafurð) og krabbadýr).“		

f) Í stað færslunnar fyrir Ísrael kemur eftirfarandi:

„IL	Ísrael (*)	Lagareldi: fiskar og kaviar (fiskafurð)
(*) Skilst héðan í frá sem Ísraelsríki, að undanskildum þeim yfirráðasvæðum sem hafa verið undir stjórn Ísraels frá júní 1967, þ.e. Gólanhæðir, Gasasvæðið, Austur-Jerúsalem og allur Vesturbakkinn.“		

g) Í stað færslunnar fyrir Moldóvu kemur eftirfarandi:

„MD	Moldóva	Lagareldi: fiskar og kaviar (fiskafurð)“
-----	---------	--

h) Eftirfarandi færslu er bætt við milli færslunnar fyrir Nýja-Sjáland og færslunnar fyrir Panama:

„OM	Óman	Einungis villtur afli“
-----	------	------------------------

i) Í stað færslunnar fyrir Tyrkland kemur eftirfarandi:

„TR	Tyrkland	Lagareldi: fiskar og kaviar (fiskafurð)“
-----	----------	--

j) Í stað færslunnar fyrir Bandaríkin kemur eftirfarandi:

„US	Bandaríkin (*)	
(*) Þessi þriðju lönd eða svæði þeirra geta flutt út allar lagarafurðir (fiska, kaviar (fiskafurð) og krabbadýr).“		

k) Í stað færslunnar fyrir Úrúgvæ kemur eftirfarandi:

„UY	Úrúgvæ	Lagareldi: fiskar og kaviar (fiskafurð)“
-----	--------	--

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.